

Uppfært kennslurit um alþjóðastjórn má

Bókarhöfundur: **Stefán Karlsson.**

Bókarheiti: **Alþjóðastjórn má - Samvinna/Átök/Umhverfisógn.**

Gagnrýnandi: **Auðunn Arnórsson**, stjórn málafræðingur.

Útgáfa: **Iðnú 2013. 327 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„ Í samantekt má segja, að hér sé um að ræða kærkomna uppfærslu á riti sem getur nýtt bæði skólafólki og almenningi sem inngangur að flóknum heimi alþjóðastjórn mála og þeirrar fræðigreinar sem það nafn ber. Betur hefði þó getað tekizt til með uppfærslu bókarinnar frá fyrstu útgáfu. “

Breytt heimsmynd

Hér er á ferðinni kennslubók um grundvallaratriði fræðigreinarinnar alþjóðastjórn mála, sem er einkum hugsuð til notkunar í samfélags- og stjórn málafræðikennslu á framhaldsskólastigi og sem almennur inngangur fyrir leikmenn að hinum margslungna heimi alþjóðastjórn mála. Bókin var fyrst gefin út undir lok liðinnar aldar. Nú hefur höfundurinn tekið sig til og uppfært bókina, enda hefur heimurinn tekið talsverðum breytingum á þessum síðustu fjórtán árum. Eða eins og höfundur segir sjálfur í formála: “Efni hennar hefur verið uppfært í samræmi við nútímann og nýju efni bætt við. Í viðbótarefninu er m.a. fjallað um alþjóðavæðingu, árekstur menningarheima, alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, átökin í Afganistan og stríðið gegn hryðjuverkum, Íraksstríðið og deilu Ísraels og Palestínumanna.”

Þegar bókin var fyrst samin voru þjóðir heims - einkum og sér í lagi í okkar heimshluta - enn að vinna sig út úr löngum skugga kalda stríðsins. Þessa langa skugga kalda stríðsins gætir enn í bókinni, þar sem áherzlurnar í efnisvali og kaflaskiptingu bera þess enn merki, þrátt fyrir greinilega viðleitni höfundar til að uppfæra efni bókarinnar og laga að breyttum tímum. Reyndar eru þess nokkur dæmi að kaflar, sem sannarlega hefðu þurft uppfærslu við, eru enn nánast óbreyttir í nýju útgáfunni. Dæmi um þetta er umfjöllunin um Vestur-Evrópusambandið, sem helgaður er heill undirkafla. Í hinum uppfærða kafla kemur ekki fram, að Vestur-Evrópusambandið er ekki lengur til - stofnunin



var leyst upp árið 2011, eftir að Evrópusambandið hafði tekið yfir verkefni hennar með gildistöku Lissabonsáttmálans árið 2009. Nefna mætti fleiri dæmi um frekar kæruleysilega umfjöllun um einstaka þætti. Í ítarefnislistum bókarinnar er líka hlutfall gamals (og úrelts) lesefnis hátt - en þar verður að virða höfundu það til vorkunnar að úrval útgefins efnis á íslensku um viðfangsefni alþjóðastjórnmála er allt annað en ríkulegt.

Sem kennslubók er bókin samt að mörgu leyti til fyrirmyndar. Það verður þó að segjast að framsetning efnisins sé frekar gamaldags, einkum með tilliti til þess að helzti markhópur bókarinnar eru menntaskólanemar af spjaldtölvukynslóðinni. Hætt er við að allmörgum í þeim hópi þyki hinir tiltölulega löngu, hefðbundnu textakaflar óárennilegir og skorta á að textinn sé brotinn upp með upplýsingarömmum, myndefni og grafík. Slíkt er af frekar skornum skammti í bókinni (og er allt í svart-hvítu), sem eflaust má fyrst og fremst rekja til viðleitni til að halda útgáfukostnaði niðri, en nútíma umbrots- og prentækni býður þó upp á ýmsa möguleika sem þurfa ekki að auka þann kostnað, en eru þó ekki nýttir sem skyldi í þessari bók. Val myndefnis virðist reyndar almennt vera frekar handahófskennt, og það ekki verið mikið uppfært síðan í fyrstu útgáfunni.

Í samantekt má segja, að hér sé um að ræða kærkomna uppfærslu á riti sem getur nýtt bæði skólafólki og almenningi sem inngangur að flóknum heimi alþjóðastjórnmála og þeirrar fræðigreinar sem það nafn ber. Betur hefði þó getað tekizt til með uppfærslu bókarinnar frá fyrstu útgáfu.